

## Fundargerð

4. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2020-2022, þriðjudaginn 24. nóvember 2020 á Zoom.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Guðlaug Baldvinsdóttir, Kári Steinn Karlsson, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Gunnar Svavarson, Eiríkur Mörk Valsson, Kristín Birna Ólafsdóttir-Johnson, Íris Berg Bryde verkefnastjóri og Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri.

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

### 1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð - Fundargerð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Fundargerð frá 3. fundi stjórnar 2020-2022 hafði verið afgreidd án athugasemda.

### 2. Fastanefndir og starfsnefndir – mönnun og markmið

Farið yfir skipan nefnda. Skipan er í góðum farvegi og nær lokið.

### 3. Uppskeruhátíð FRÍ

Farið yfir tillögur nefnda og stjórnar FRÍ. Lokið. Starfshópurinn gerði grein fyrir hvernig viðurkenningarhátíðin fer fram, rafrænt og órafrænt. Stefnt að því að hátíðin verði í desember.

### 4. RIG 2021

Skipaður starfshópur vegna RIG 2021. Í grunninn verður sami tímaseðill og á síðast. RIG 2021 gæti orðið skipað íslensku afreksfólki í ljósi Covid aðstæðna.

### 5. Afrekssjóður – Seinni úthlutun

Afreststjóri gerir grein fyrir tillögum að niðurstöðu úthlutunar. Stjórn samþykkti tillöguna og þakkaði afreststjóra fyrir góða vinnu við undirbúning og úrvinnslu.

### 6. Þinggerð frjálsíþróttapings.

Þingritarar hafa skilað þinggerðinni. Stjórn þakkar þingriturum fyrir óeigingjörn og frábær störf og verður þinggerðin birt á heimasíðu FRÍ.

### 7. Mótahald

Mótanefnd hefur lagt fram tillögur að dagskrá og úthlutun móta fyrir 2021 og tillögur næstu ára, inni og úti. Stjórn FRÍ tekur undir tillögur mótanefndar, staðfestir dagskránnu og úthlutun móta til aðildafélaganna í samræmi við tillöguna. Skrifstofa tilkynnir aðildarfélögum niðurstöðuna sem fyrst og setur upplýsingar fram á heimasíðu FRÍ.

### 8. Önnur mál

- a. Þjóðarleikvangur. Starfshópur mennta- og menningarmálaráðherra. Formaður og varaformaður FRÍ tilnefndir í starfshópinn af FRÍ.
- b. Vallaraðstæður á Egilsstöðum. Formaður gerir grein fyrir svörum FRÍ vegna hugmynda heimamanna um breytingar á vallaraðstæðum.
- c. Æfingar og keppni í Covid. Rætt um keppnisreglur FRÍ í Covid ástandi. Mikilvægt að endurrýna reglurnar því ekki er fyrir séð hvað sóttvarnarkröfur gilda lengi.

*Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 17:59 með því að fundarmenn endurtöldu atkvæðin í Georgiu en neituðu að endurtelja í Wisconsin.*

*Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.*